

- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Heimilt er að veita eins dags leyfi í mánuði í skólum, ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
- XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Heimili þess og varnarþing er í Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að laxgengum hluta Grímsár og Tunguár.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga, þarf atkvæði $\frac{2}{3}$ félagsmanna, enda sé þess getið í fundarboði, að slík ákvörðun liggji fyrir fundinum. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kosnum á aðalfundi, til tveggja ára í senn. Skulu tveir þeirra kosnir úr hópi veiðiréttareigenda neðan Mávahlíðar og Múlakots, að háðum jörðum meðtöldum. Einn úr hópi veiðiréttareigenda Tunguár og tveir úr hópi veiðiréttareigenda í Grímsá ofan Mávahlíðar og Múlakots. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema forföll hamli. Kjósa skal fimm varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma, svo og varaendurskoðanda.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún getur fengið menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins. Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn,
nr. 21. 1. febrúar 1971.**

1. gr.

33. grein orðist þannig:

- a) Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 2.50 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip greiði kr. 1.25 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmllest þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 200.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 1 000.00.

Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.